

9. gr.

68

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands. 15. des.

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. málsg. þessarar gr.

10. gr.

Kostnaður við framkvæmd þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun og úrvinnslu gagna, sem það leggur fyrir sex manna nefnd.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld öll eldri lagaákvæði, er brjóta í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara fyrir verðlagsárið 1. september 1959—31. ágúst 1960 skal ákveðinn eftir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði 1. og 3. málsg. 3. gr. þessara laga. Jafnframt skal ákveða söluverð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsg. 3. gr. þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

AUGLÝSING

69

28. sept.

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 2. september 1959 var undirritað í Prag samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu á tímabilinu frá 1. september 1959 til 31. ágúst 1960. Samkomulag þetta er gert í samræmi við ákvæði viðskiptasamnings Íslands og Tékkóslóvakíu, sem undirritaður var í Prag hinn 1. október 1957 (Stj.tið., A. 87/1957).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. september 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.